

FULLTRÚARÁÐ EIGNARHALDSFÉLAGSINS BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS.

16. aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands haldinn á Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 23. september 2015 kl. 10.30.

Þetta gerðist:

1. Fundarsetning.

Ragnheiður Hergeirsdóttir stjórnarformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til þessa aðalfundar fulltrúaráðsins.

Hún gerði það að tillögu sinni að Björn Ingimarsson yrði fundarstjóri og Anna Sigurðardóttir ritari.

Samþykktu fundarmenn þessa tillögu.

Þá tók Björn Ingimarsson við stjórn fundarins. Hann lýsti hann lögmatan. 44 fulltrúar eiga rétt til setu á fundinum, 4 fulltrúar boðuðu forföll. Listi yfir fundarmenn fylgir hér með.

Þá lagði fundarstjóri fram tillögu að kjörnefnd:

Ragnheiður Hergeirsdóttir, Selfossi, formaður

Ólafur Kristjánsson, Bolungarvík

Sveinn Pálsson, Héraðsnefnd Dalasýslu.

Var þessi tillaga samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar

Ragnheiður Hergeirsdóttir fór yfir störf stjórnarinnar s.l. 4 ár. Í upphafi máls síns minntist hún Guðmundar Bjarnasonar fyrrverandi stjórnarmanns en hann lést s.l. sumar eftir baráttu við krabbamein. Guðmundur sat í stjórn félagsins í 16 ár og þar af sem stjórnarformaður í 9 ár. Guðmundur var öflugur liðsmaður og innti af hendi mikið og óeigingjarnt starf fyrir Brunabótafélagið. Að loknu máli sínu óskaði Ragnheiður að fundarmenn heiðruðu minningu hans með því að rísa úr sætum. Í máli Ragnheiðar um störf stjórnar kom fram að á þessu kjörtímabili hefði stjórn getað einbeitt sér að ýmsum innri málefnum félagsins og sett sér ýmsar verklagsreglur til að auka gagnsæi í störfum sínum. Settar voru siðareglur fyrir stjórn og unnið árangursmat. Einnig settar ákveðnar vinnureglur varðandi þátttöku í stærri forvarnarverkefnum.

Í lok máls síns þakkaði hún framkvæmdastjóra og stjórnarfólki einstaklega ánægjulegt samstarf og gat þess að nú hætti hún störfum í stjórn félagsins.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Fundarstjóri gaf framkvæmdastjóra Önnu Sigurðardóttur orðið.

Í upphafi ræddi hún í stuttu máli um stofnun Brunabótafélags Íslands og lagaumhverfi EBÍ. Einnig útskýrði hún Sameignarsjóðinn og reglur um um hann og hvernig hann verður í framtíðinni eign aðildarsveitarfélaganna. Í árslok 2014 var hann 34,63% af heildareiginfé félagsins.

Þá fór hún yfir rekstrarreikning félagsins frá árinu 2014, en sundurliðun áráanna 2011-2014 er í fundargögnum. Fór hún yfir rekstrarreikning, bæði tekjur og gjöld. Reksturinn hefur verið svipaður undanfarin ár og voru heildartekjur 156,3 milljónir og heildarrekstarkostnaður kr. 97,7 milljónir. Einnig gat hún þess að um helmingur rekstrarútgjalda félagsins er vegna lífeyrisskuldbindinga í LSR. Þá fór hún yfir eignir og skuldir félagsins. Heildareignir félagsins núna um síðustu áramót eru um 3,1 milljarður og ríma eignirnar vel við fjárfestingastefnu félagsins. Þrátt fyrir efnahagshrunið þá er búið að greiða út úr félaginu rúma 3,8 milljarða frá árinu 1998. Þá fór hún yfir nafnávöxtun eigna félagsins, og var ávöxtunin á s.l. ári 5,1% en horfur á að árið 2015 verði betra.

Heildarskuldir félagsins um s.l. áramót voru 853 milljónir og þar af er uppfærð lífeyrisskuldbinding 704 milljónir. Eigið fé er 2,3 milljarðar og þar af er Sameignarsjóðurinn tæpar 800 milljónir.

Þá fór hún yfir þróun lífeyrisskuldbindingarinnar sem hvílir á félaginu. Kom fram að árlegar greiðslur vegna hennar munu hækka fram til ársins 2018 en lækka hratt eftir það til ársins 2023. Þá útskýrði hún hvernig það er hagur sveitarfélaganna að horfa til lengri tíma varðandi framtíð félagsins, þ.e. að ávaxta eignina og halda áfram ágóðahlutagreiðslum til sveitarfélaganna á meðan lífeyrisskuldbindingin lækkar og Sameignarsjóðurinn stækkar. Benti hún sérstaklega á að búið er að greiða 6 milljarða á núvirði út úr félaginu til aðildarsveitarfélaganna.

Þá fór hún yfir málefni Styrktarsjóðs EBÍ. Sjóðurinn var stofnaður árið 1996 og síðan þá er búið að styrkja 209 verkefni fyrir samtals 72 milljónir. Nefndi hún dæmi um ýmis verkefni en þau eru m.a. á sviði menningartengdar ferðaþjónusta, atvinnusköpunar og uppbyggingar ferðamannastaða.

Einnig ræddi hún forvarnarverkefni sem unnið er að hjá félaginu. Víðtækasta einstaka verkefnið er forvarnarverkefni á leikskólum með slökkviálfunum Loga og Glóð. Það verkefni er unnið á landsvísu vegna aðkomu EBÍ. Einnig fór hún yfir samstarf EBÍ og Eldvarnabandalagsins í forvarnarmálum. Ánægjulegt er að Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri á Akranesi mun hér á eftir kynna samstarfsverkefni Akraness og Eldvarnabandalagsins um bætta eldvarnir á Akranesi. Þá greindi hún frá að EBÍ hefði tekið þátt í stóru samstarfsverkefni í því skyni að þróa hugbúnað til að bæta eldvarnareftirlit slökkviliðanna. Verkefnið Brunavörðurinn hefur tekist einstaklega vel og er bylting í starfi eldvarnareftirlitsmanna. Að síðustu sýndi hún fundarmönnum heimasíðu félagsins www.brunabot.is. Að lokum þakkaði hún stjórn og samstarfskonu sinni Þuríði Dan gott samstarf.

3. Ágóðahlutur - Fjárfestingastefna EBÍ.

Þá gaf fundarstjóri Önnu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra orðið. Í upphafi máls síns fór hún yfir þá fjárfestingastefnu sem er í gildi. Hennar meginmarkmið er að EBÍ standi undir skilgreindum markmiðum um árlega útgreiðslu til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar. Þá er kveðið á um að lágmarka skuli líkur á að skerða höfuðstól milli ára. Í máli hennar kom fram að staða heildareignasafnsins m.v. stefnuna er í góðu jafnvægi. Síðan fór hún yfir stefnumörkun síðasta aðalfundar varðandi ágóðahlutagreiðslurnar og benti á að

félagið hefur greitt 6 milljarða á núvirði í ágóðahlut til aðildarsveitarfélaganna, án þess að eigið fé hafi minnkað að nokkru marki. Þá fór hún yfir þá vinnureglu sem stjórn viðhafði við ákvörðun útgreiðslunnar á síðasta ári. Þá var miðað við 3ja ára meðaltal breytinga á eigin fé og að lágmarki yrði greiddar út kr. 50 milljónir og að hámarki 250 milljónir. Þetta markmið var sett til að lágmarka líkur á skerðingu eigin fjár til lengri tíma litið og einnig yrði ákveðinn fyrirsjáanleiki í greiðslum. Hún skýrði einnig frá því að á stjórnarfundum fyrr um morguninn hefði stjórn ákveðið að miða áfram við þessa meginreglu og því yrðu greiddar út 50 milljónir vegna ársins 2015.

Í lok máls síns fór hún yfir meginatriði tillögu þeirrar sem liggur fyrir fundinum varðandi útgreiðslu ágóðahluta til sveitarfélaganna. Þar er gerð sú tillaga að áfram verði greiddur út ágóðahlutur til sveitarfélaganna.

Fundarstjóri las upp eftirfarandi tillögu sem lá fyrir fundinum:

„Aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands haldinn 23. september 2015 samþykkir að halda óbreyttu markmiði EBÍ að hluti hagnaðar af starfsemi félagsins skuli árlega greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

Aðalfundurinn felur stjórn félagsins að ákveða á hverju ári upphæð ágóðahlutagreiðslunnar. Til grundvallar ákvörðun stjórnarinnar skal ætíð taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ.“

Fundarstjóri gaf nú orðið laust um tillöguna svo og skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra.

Arnar Sigurmundsson kvaddi sér hljóðs og þótti það sérstakt að ársreikningur væri ekki til umfjöllunar og samþykktar. Einnig spurði hann um lífeyrisskuldbindinguna. Róbert Ragnarsson spurðist einnig fyrir um rekstrarkostnað félagsins.

Kristinn Jónasson spurðist fyrir um hvar kostnaður við eignastýringu væri færður í reikningum félagsins.

Ragnheiður Hergeirsdóttir stjórnarformaður svaraði Arnari og Róbert og sagði að það væri ekki ákvæði um að bera upp ársreikning á þessum fundi skv. lögum né samþykktum félagsins. En venja væri að halda aukafund í fulltrúaráðinu 2 árum eftir aðalfund þar sem fjallað væri um ársreikninginn og einnig væri varastjórn félagsins boðuð á fund stjórnar þar sem ársreikningurinn væri til umræðu. Þá fór hún yfir rekstrarkostnað félagsins og nefndi m.a. að húsnæðiskostnaður hefði lækkað mikið en ferðakostnaður væri nokkur vegna þess að stjórnarmenn væru dreifðir um landið. Framkvæmdastjóri svaraði því að lífeyrisskuldbindingin væri uppreiknuð skv. útreikningi tryggingastærðfræðings og allir starfsmenn félagsins hefðu greitt í LSR. Þá skýrði hún það að kostnaður vegna eignastýringar er færður undir fjármagnsgjöld.

Ekki kváðu fleiri sér hljóðs og þá bar fundarstjóri ofangreinda tillögu undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Nú var tekið matarhlé.

4. Erindi: “Bjart framundan eða ólgusjór”

Marinó Örn Tryggvason framkvæmdastjóri eignastýringar fagfjárfesta hjá Arionbanka

Marinó fór yfir stöðuna á fjármálamarkaði bæði hér innan lands og utan. Kom fram í máli hans að margt í hagtolunum bendir til þess að ákveðin þensla sé framundan, enda mælist hagvöxtur hér. Á ýmsum sviðum erum við á svipuðum stað og í aðdraganda fjármálahrunsins. Marinó taldi aðspurður að töluverðar líkur væri á því að markaðir myndu taka dýfu en nákvæmlega hvenær og hvernig væri óvissu háð. Fundarmenn gerðu góðan róm að erindi Marinós og það sköpuðust fjörugar umræður í kjölfar erindisins.

Samstarfssamningur Akraneskaupstaðar og Eldvarnabandalagsins.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Akraness.

Regína kynnti samstarf Akraneskaupstaðar og Eldvarnabandalagsins um bætta eldvarnir í stofnunum Akraneskaupstaðar. Verkefnið er ný hafið en búið er að skipa eldvarnafulltrúa í öllum stofnunum bæjarins og halda fræðslufundi með þeim og öllu starfsfólkinu. Þá skýrði hún frá því að í gegnum húsaleigubótakerfi bæjarins verði gerð könnun á stöðu eldvarna í leiguhúsnæði.

Regína kvaðst vera ákaflega ánægð með þennan samstarfssamning og segir verkefnið fara vel af stað.

Að loknu erindi Regínar var tekið kaffihlé.

5. Kosin stjórn og varastjórn.

Ragnheiður Hergeirsdóttir formaður kjörnefndar fékk nú orðið.

Kjörnefnd leggur til að eftirtaldir verðir kjörnir aðalmenn í stjórn EBÍ:

Ása Helgadóttir, Héraðsnefnd Borgarfjarðar, Björn Ingimarsson, Fljótsdalshéraði, Friðbjörg Matthíasdóttir Vestubbyggð, Guðmundur Baldvin Guðmundsson Akureyri, Guðný Hrunð Karlsdóttir Húnaþingi vestra, Gunnsteinn Ómarsson Sveitarfélaginu Ölfus og Margrét Friðriksdóttir Kópavogi.

Kjörnefnd lagði fram eftirfarandi tillögu um varastjórn:

Alexander Ragnarsson Reykjanesbæ, Anna Margrét Sigurðardóttir Blönduósi, Jóna Benediktsdóttir Ísafjarðarbæ, Regína Ásvaldsdóttir Akraneskaupstað, Valdimar Bragason Dalvíkurbyggð.

Fundarstjóri bar upp tillöguna um stjórn og varastjórn og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

6. Kjör endurskoðanda EBÍ.

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu varðandi kjör endurskoðanda EBÍ:

“ Aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands haldinn í Reykjavík 23. september 2015 samþykkir að endurskoðandi félagsins verði endurskoðendafyrirtækið KPMG ehf.”

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

7. Ákvörðuð laun stjórnar og endurskoðanda.

Fundarstjóri las upp eftirfarandi tillögu:

“ Aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands haldinn í Reykjavík 23. september 2015 samþykkir að laun stjórnar EBÍ verði kr. 67.000 .- pr. mánuð.
Launin taki mið af launabreytingum samkvæmt kjarasamningi VR.

Laun endurskoðenda fari eftir reikningi“.

Tillagan var borin upp til atkvæða og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Önnur mál.

Ragnheiður Hergeirsdóttir fráfarandi stjórnarformaður tók til máls og þakkaði fundarmönnum fundarsetuna og óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar í störfum sínum fyrir Brunabótafélagið.

Að því búnu sleit hún fundi kl. 14.30.

Anna Sigurðardóttir skráði fundargerð.